



35. Miðstjórnarfundur 15. desember 2002.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

2. Átta mánaða uppgjör reikninga RSÍ og sjóða. Gjaldkeri fór yfir fjárhagsstöðu, sem væri vel viðunandi. Útgjöld Styrktarsjóðs hefðu aukist verulega, þá sérstaklega sjúkradagpeningar. Það þyrfti að skoða reglugerð sjóðsins fyrir næsta þing.

3. Staða mála í skólakerfi. Verið er að ganga frá skuldabréfum og lánum. Drög að Reglugerð Menntasjóðs var lögð fram hún var samþykkt, með tillögum að breytingum um ábyrgð sjóðsins

4. Samþykktar voru tvær ályktanir og eru þær á heimasíðu RSÍ.

5. Staða kjarasamninga. Unnið er að endurnýjun eftirfarandi samninga. Niðurstöður viðræðna eru á heimasíðu Við Íslenska útvarpsfélagið, við kvikmyndahúsin og við Samtök verzlunarinnar. Kynnta var niðurstaða á breytingum á kjarasamning við Orkuveituna og Landsímann. Nokkrar umræður urðu um stöðu Sementsverksmiðjunnar.

6. Gengið var frá skipan í fastanefndir ASÍ.

7. Umsóknir um styrki. Tveir félagsmenn sóttu um styrki vegna málaferla. Úthlutunarnefnd hafði hafnað beiðnum þeirra en þeir farið fram á að miðstjórn færi yfir málið. Miðstjórn staðfesti úrskurði úthlutunarnefndar.

8. Önnur mál. Ákveðið að leigja tvö hús í Vestmannaeyjum næsta sumar í samvinnu við Matvís.

Farið var yfir fjölda þingfulltrúa og ferðakostnað vegna þings í vor.

Skipaður fulltrúi í Fagnefnd Margmiðlunarskólans.

Ákveðið að skrifa bréf til Menntamálaráðherra vegna niðurgreiðslu laun í önnema.

Samþykkt að skipa 3ja manna nefnd til að vinna að endurskoðun á heimasíðu.

Fjallað um trúnaðarmannaráðstefnu. Þar kom m.a. fram að framkvæmdir og útbrensla skólakerfisins hefði verið til umræðu og samþykkt á öllum þingum, sambandsstjórnarfundum, trúnaðarráðstefnum og miðstjórnarfundum, auk funda í stjórn skólakerfisins og hjá atvinnurekendum. Einu formlegu kærur sem fram hefðu verið settar sneru að meintum þjófnaði skólastjórnans. Auk þess lægi fyrir að hann hefði farið verulega út fyrir heimildir og hafði verið staðinn að blanda saman einkaneyslu sinni við skólakerfið.

Formaður óskaði öllum gleðilegra jóla og þakkaði gott samstarf á árinu. Næsti fundur yrði um miðjan janúar.

Lagt fram :

Mannaflí í rafiðnaði greinargerð frá formanni RSÍ. Horfur atvinnuála í upphafi vetrar, skýrsla frá ASÍ. Launþegi verktaki erindi. Fjárhagsáætlun ASÍ

Haukur Ágústsson